

## Aðalfundur LSG mánudaginn 4. maí 2015 kl. 17:00 í húsi Nýherja.

Fundarstjóri var kosinn Jón Freyr Þórarinsson.

Umræður voru um báðar skýrslurnar þar sem kom fram ánægja með þær upplýsingar sem fram komu.

1. Formaður LSG Erling Ásgeirsson flutti skýrslu formanns, sjá meðfylgjandi ljósrit.
2. Skýrsla gjaldkera, Ingvi Stígsson, sjá fylgirit.
3. Engar lagabreytingar lágu fyrir.
4. Stjórnin gaf kost á sér til áframhaldandi setu og var endurkosin. Í varastjórn var kosin Sigrún Þorvarðsdóttir í stað Guðmundar Halldórssonar, en aðrir í varastjórn voru endurkosin, þau Jósef Vernharðsson og Sigríður Gunnarsdóttir.
5. Skoðunarmenn gáfu kost á sér til endurkjörs og var það samþykkt með lófataki.
6. Stungið var upp á að hækka árgjald félagsins um 200:00 kr. og var það samþykkt svo að nú verður árgjaldið kr. 1200:00.
7. Önnur mál:

\*Guðmundur Jónsson frá Heimabæ I á Hesteyri vakti athygli á að rafveiturör lægju í bunkum á Hesteyri og að menn frá Ísafjarðarbæ hefðu ekkert vitað um þau. Jón Björnsson bendir á að umsókn hafi borist um rafvirkjun í Hesteyraránni, en að Umhverfisstofnun veiti ekki leyfi til rafvirkjunar, heldur sé það í höndum Ísafjarðarbæjar, Umhverfisstofnun meti umsóknina aðeins út frá því hvort hún stríði gegn friðlýsingu eða ekki.

- Afmælisráðstefna í tilefni af 40 ára afmæli Friðlandsins er í undirbúningi á Ísafirði. Hún var fyrst áætluð í lok febrúar, en vegna slæmrar færðar og veðurspár var henni frestað og nú er í skoðun að halda hátiðina 12. júní eða jafnvel ekki fyrr en í september.
- Jón Björnsson kynnti nýjan landvörð, Jón Smára Jónsson sem mun taka við landvörslu í Friðlandinu nú í vor, þar sem Jón Björnsson hættir og tekur við landvörslu á miðhálendinu. Jón Smári er Ísfirðingur sálfræðimenntaður á geðsviði og hefur einnig lagt stund á umhverfis- og auðlindafræði. Hann hefur mikið ferðast um Friðlandið. Jón Björnsson flutti atriði úr ársskýrslu sinni, en þar kom fram að - víðir er farinn að vaxa upp en fuglalífi hefur hrakað.  
- sveifla er í refastofninum og hann virðist minni nú en áður og skiptir oft um óðul sem gæti hugsanlega stafað af fjölgun ferðamanna á svæðinu.  
- Ferðamenn eru ver útbúnir en áður og óvant ferðafólk gerir sér ekki grein fyrir erfiðu landslagi.  
- Hópur sjálfboðaliða hefur endurgert stíga á Hesteyrarbrúnum og í Veiðileysufirði undir leiðsögn sérfróðra manna.  
- Fjörur voru hreinsaðar í Hælavík, Hlöðuvík og Kjaransvík og í ár er áætlað að hreinsa Látravík til Furufjarðar. Því miður er aftur komið rusl í víkurnar sem hreinsaðar voru í fyrra.  
- Kamar verður reistur á Glúmstöðum með leyfi jarðeiganda.

- Posavogur í Aðalvík er varasamur og ástæða til að benda á það.
- Jón Björnsson hefur ekki náð að láta gera skilti til leiðbeiningar við akstur fjórhhjóla en felur Jóni Smára að sjá um það.
- Jón Björnsson leggur til að stjórn LSG fundi með aðilum ferðaþjónustunnar minnst einu sinni á ári og geri þeim grein fyrir óskum sínum og þörfum, m.a. komu skemmtiferðaskipa sem flytja fólk í land í Friðlandið án leyfis.

\*Erling þakkar Jóni Björnssyni fyrir vel unnin störf í þágu Friðlandsins og góða samvinnu og býður Jón Smára Jónsson velkominn til starfa.

Hann minnir á að það var stjórn LSG sem hafði forgöngu um að endurskoða byggingasamþykktir og samræma gagnvart lögum og að fólk getur kynnt sér þær á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Umsóknir bárust til Umhverfisstofnunar og Hornstrandaneftnar um endurbyggingu á Móhúsi á Hesteyri og virkjun í ánni fyrir læknishúsið. Erling hvetur til fjölgunar í LSG því að það styrki félagið.

Fundinn sóttu 49 félagar og fundi var slitið kl. 19:30

Matthildur Guðný Guðmundsdóttir  
fundarritari.

Hank Jónsson Blámarks báðar Höf  
Guðrún Þórhildur Steinþóður I  
Haukur Þágnanay Þekkynni

Hrafngríður Þórssdóttir Rekavile báðar Höf  
Hlafsfjöldi Þórssdóttir Gáðar, Ólafur  
Ólafur Þórssdóttir Sævar, Ólafur  
Ólafur Stóðarsson Fljótsvalk Atlast.  
Helgi Þorvarðsson Ljósuvn  
Björn Þórvarðsson Látrat og  
Guðli Þórssdóttir Netri-Mitvirk  
Kábraar Y  
Látrat og  
Netri-Mitvirk  
Ráðherr  
Sólstóðarsíða

Erling Æsgaírsson  
Ingví Skýgsson

Hilmar R. Ásleikson Epix-mitik

Guðmundur Ólafsson Síðulunn Kármn

Borgþór Ólafsson Sölveinn Lökurss  
Björn Þórhildur. Jónsmic Söbol

Hug. Skeggi  
Guðrún Þórhildur. Þorbergur Söbol  
Jónna Þayarsdóttir.

Jónsþóður Söbol

Jónn Þóður Ólafsson

Jónass, Þóður Þóðursson

Hug. Sigurðardóttir, Jóuskrus

Sigurður Ólafsson Söbol  
Jónsþóður Ólafsson Söbol

Söbol

-11-

Hug. Guðrún Þórhildur Söbol

-11-

Edda M. Hjaltested

Jónmundur Guðmundsson

Jannes Þrásser

Jóns Þóður Ólafsson

Jónsey Guðmundsson

Jóanulus Ólafsson

Edward Þ. Þunisson

Jón Björnsson

Jón Smari Jónsson

Jón Smari Jónsson

Jón Smari Jónsson

Lundvötur.